Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 19. Maí 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Hrafnhildur Blöndahl

1. **Íþróttamót**
   Allt að verða klárt fyrir Íþróttamótið. Það eru um 200 skráningar og því trúlega nóg að keyra mótið frá föstudegi til sunnudags. Rétt er að ganga úr skugga um að netið niðri á velli virki sem skildi þegar dómpallurinn er kominn á sinn stað og klár svo allt muni ganga snuðrulaust fyrir sig á mótinu.

2. **Tryggingarmál**
   Kynna okkur hvernig önnur hestamannafélög standa að sínum tryggingarmálum. Berglind heyrir í nágrannafélögum okkar. Einnig ræddur sá möguleiki að leita til tryggingarráðgjafa.

3. **Vellir og framkvæmdir**
   Vinna við undirbúning keppnissvæðisins gengur vel og veður lokið í tæka tíð fyrir íþróttamótið.

4. **Viljayfirlýsing – næstu skref**
   Rætt um framhaldið og næstu skref, þetta er eitthvað sem verður á dagskrá af og til á komandi fundum.

5. **Nefndarmál**
   Aðeins var farið yfir þær nefndir sem starfa á vegum félagsins og þá sérstaklega Innviðanefndina í tengslum við viljayfirlýsinguna sem nefnd var hér að framan.

6. **Sjálfboðaliðar**
   Sjálfboðaliðsstörf vöru rædd, ma. hvernig er best að standa að því að virkja félagsmenn í sjálfboðaliðsstörf því eins og vitað er yrði starf hestamannafélaga frekar rýrt ef ekki væri fyrir sjálfboðaliða.

7. **Verðlaunagripir**
   Rætt um kostnað við verðlaunagripi og hvort/hvernig hægt væri að lækka þennan kostnað. Á minni mótum getur þessi kostnaður numið nokkrum tugum þúsunda og yfir hundruð þúsunda á stærri mótum.

8. **Leiga á höllum**
   Erindi frá sálfræðiþjónustu um leigu á reiðhöll í tengslum við meðferðarúrræði, Berglind heyrir betur í þeim með þetta og tekur málið áfram.

9. **Worldfengsmál**
   Eitthvað um að félagsmenn séu að óska eftir að aðgangur að Worldfeng sé virkjaður. Berglind sér um þetta og er það í góðu ferli.

10. **Bílamál**
    Klára sem fyrst að meta ástandið á bílnum, eigum við að nota hann eða selja, það er eitthvað sem þarf að skoða, ekki gekk svo vel að selja hann þegar hann var settur á sölu í fyrra.

11. **Önnur mál**
    Umsóknarferlið fyrir starfsleyfi veislusalarins er í ferli.
    Úrbætur v/úttektar eldvarnareftirlits eru í vinnslu.
    Kostnaðaráætlun á framkvæmdum við veislusalinn liggja fyrir, ca. 1.millj. Var samþykkt að fara í þetta við fyrst hentuga tækifæri.
    Skipta um 2 flísar í anddyrinu, Nína kannar með mann í málið.
    Rætt um hljóðkerfið, bæði í Samskipahöllinni og niðri á velli.

    Fundi slitið kl. 19:30

    Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson